

## AÐALFUNDUR BR 18. JÚNÍ 2008 KL. 17:30

Ómar Olgeirsson, formaður klúbbsins setti fundinn og fól Rúnari Gunnarssyni að vera fundarstjóra og Ísaki Erni Sigurðssyni að vera fundarritara.

Helgi Bogason, gjaldkeri félagsins, flutti reikninga félagsins. Fram kom að tekjur ársins hafi verið 1.272.100 krónur en gjöld 1.117,857 krónur og hagnaður því 154.243 krónur. Fram kom að styrkur Reykjavíkurborgar til félagsins hafi verið 300.000 krónur en hafi hækkað í 500.000 krónur. Nokkur umræða á fundinum skapaðist um kostnaðarliði og Helgi Bogason upplýsti að þegar hann hafi komið í stjórn BR hafi félagið verið rekið með tapi, en uppgjör síðasta árs hafi verið með örhlitlum hagnaði. Stjórn BR ákvað að gefa 100.000 krónur til minningar um Jónas Pétur Erlingsson sem lést á spilaárinu, en hann var um áratuga skeið spilari innan félagsins og reglulegur þátttakandi í keppnum þess. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða á fundinum.

Ómar Olgeirsson flutti skýrslu um starfsemi félagsins á árinu. Góður rómur var gerður að frágangi skýrslunnar sem þótti vera til fyrirmyndar, en formaður félagsins, Ómar Olgeirsson sá gerð og útfærslu hennar. Nýjung ársins hjá BR var útgáfa árskorta og nýttu nokkrir félagar BR sér þá þjónustu á liðnu spilaári. Fram kom vilji til þess að BR fjárfesti í fartölvu fyrir sig til nota í keppnum félagsins og öðrum verkefnum á næsta ári. Voru fundarmenn samþykktir þeirri tillögu.

Næst var tekinn fyrir liður 5, kosning formanns stjórnar. Rúnar Gunnarsson bauð sig fram í það embætti og var framboð hans samþykkt samhljóða. Þá var kosin ný stjórn fyrir næsta spilaár og var framboð nýrra stjórnarmeðlima samþykkt samhljóða. Í stjórn voru kosin Guðný Guðjónsdóttir, Helgi Bogason, Ómar Olgeirsson og Ísak Örn Sigurðsson. Varamaður í stjórn Sigrún Þorvarðardóttir.

Guðjón Sigurðsson var kosinn endurskoðandi félagsins, til vara Vignir Hauksson.

Í sjöunda lið, ákvörðun félagsgjald fyrir komandi ár var upplýst að það hefði verið lagt niður fyrir nokkrum árum og ekki stæði til að taka það upp aftur. Samþykkt samhljóða.

Í áttunda lið, kjöri heiðursfélaga, var enginn kosinn að þessu sinni.

Í níunda lið, lagabreytingar var enginn tillaga lögð fram um lagabreytingar.

Fundi var slitið um klukkan 18:45.